	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing.....	0,4
07-989	Fæðingarorlof	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	16,2
	Greitt úr ríkissjóði	280,0
	Viðskiptahreyfing.....	-263,8
08-204	Lífeyristryggingar	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	-674,7
	Greitt úr ríkissjóði	-674,7
08-208	Slysatryggingar	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	40,0
	Greitt úr ríkissjóði	40,0

08-305	Lýðheilsustöð	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs Lýðheilsustöðvar í áfengisgjaldi.....	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	35,0
08-621	Forvarnasjóður	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-35,0
	Greitt úr ríkissjóði	-35,0
10-211	Vegagerðin	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni.....	36,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing.....	36,0
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.....	-106,6
	Greitt úr ríkissjóði	-106,6
10-471	Flugmálastjórn	
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar.....	12,3
	Greitt úr ríkissjóði	12,3
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta.....	-7,0
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	7,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	0,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing.....	0,1
14-285	Spilliefnasjóður	
	Spilliefnagjald	-162,8
	Greitt úr ríkissjóði	-162,8
14-287	Úrvinnslusjóður	
	Úrvinnslugjald	505,0
	Greitt úr ríkissjóði	365,0
	Viðskiptahreyfing.....	140,0
14-381	Ofanflóðasjóður	
	Ofanflóðasjóðsgjald.....	220,0
	Greitt úr ríkissjóði	554,0
	Viðskiptahreyfing.....	-334,0

Heildartekjur	-97,1
Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	1.991,2
Mismunur.....	-2.088,3
Þar af skerðing.....	0,0
Þar af viðskiptahreyfingar.....	-2.088,3

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2003

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-238	Bygginga- og tækjasjóður	
	Einkaleyfisgjald H.Í.....	24,0
09-201	Ríkisskattstjóri	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	17,3
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	17,3
10-471	Flugmálastjórn	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs.....	-12,2
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar.....	5,9
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.....	39,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.....	6,3
13-101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá.....	-8,5
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá.....	-8,0
	Heildartekjur.....	81,5
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði.....	81,5
	Mismunur.....	0,0
	Þar af skerðing.....	0,0
	Þar af viðskiptahreyfingar.....	0,0

Séryfirlit 5
Lögbundin framlög 2003

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
07-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag	434,0
	Greitt úr ríkissjóði	434,0
08-305	Lýðheilsustöð	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	11,8
	Greitt úr ríkissjóði	11,8
	Lögbundin framlög alls	445,8
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	445,8
	Mismunur, skerðing	0,0

Samþykkt á Alþingi 2. desember 2003.

Inngangur

Hér á eftir fer umfjöllun um breytingar sem gerðar voru á frumvarpi til fjárukalaga í meðförum Alþingis. Vakin er athygli á því að um er að ræða annað af tveimur fjárukalögum ársins, sbr. lög nr. 58/2003. Fyrst er fjallað í stuttu máli um áætlaða útkomu ársins 2003 og endurskoðun á tekjum og gjöldum frá fjárlögum. Einnig er getið um helstu breytingar á forsendum frá því að fjárlög fyrir árið 2003 voru samþykkt. Loks er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir breytingum á fjárveitingum í A-hluta ríkissjóðs sem samþykktar voru við 2. og 3. umræðu frumvarpsins á Alþingi. Sú umfjöllun er að mestu samhljóða nefndarálitum meiri hluta fjárlaganefndar en textinn hefur þó verið umorðaður á stöku stað þar sem það á við.

Endurskoðuð afkoma ríkissjóðs árið 2003.

Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs verði 280,6 milljarðar króna árið 2003 og útgjöld 276,1 milljarður. Tekjuafgangur er því áætlaður 4,5 milljarðar og lækkar um 4,9 milljarða frá samþykktum fjárlögum og fyrri fjárukalögum fyrir árið 2003. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 19,1 milljarð í stað þess að vera neikvætt um 10,7 milljarða í fjárlögum. Fjármunahreyfingar skila einum milljarði meira en ráð var fyrir gert í fjárlögum og verður lánsfjárafgangur því 12,4 milljarðar en var áætlaður 19,8 milljarðar í fjárlögum og fyrri fjárukalögum. Til að mæta minni lánsfjárafgangi er annars vegar gert ráð fyrir að ríkissjóður taki 4,3 milljarða í aukin lán og hins vegar að staðan við Seðlabanka rýrni um 4 milljarða í stað þess að rýrna um 1,3 milljarða eins og áformað var.

Verður nú fjallað nánar um breytingar á áætluðu sjóðstreymi ríkissjóðs. Eins og fram hefur komið er áætlað að handbært fé verði neikvætt um 19,1 milljarð og rýrnar um 8,4 milljarða frá fyrri áætlun. Sýringin er annars vegar 4,9 milljarða króna minni tekjuafgangur og hins vegar rúmlega 3 milljarða króna minni innheimta tekna en nemur álagningu tekjuskatts á fyrirtæki í árslok. Er gert ráð fyrir að þær greiðslur skili sér í upphafi næsta árs. Þær breytingar verða á fjármunahreyfingum að veitt stutt lán minnka um 2,1 milljarð vegna endurskoðunar á söluandvirði eigna frá fyrra ári sem koma til greiðslu á þessu ári. Annars vegar er um að ræða endurmat vegna styrkingar á gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar og hins vegar endurskoðun á söluandvirði Landsbanka Íslands sem leiddi til 700 m.kr. lækkunar þess. Veitt löng lán lækka um 530 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum vegna minni lánsfjárþarfar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Innheimtar afborganir veittra lána hækka um tæplega 2,8 milljarða vegna aukinna afborgana af veittum lánum til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Að teknu tillit til breytinga handbærs fjár og fjármunahreyfinga lækkar lánsfjárafgangur um 7,4 milljarða og er áætlaður 12,4 milljarðar. Til að mæta þeirri lækkun er, eins og áður sagði, ráðgert að auka lánþökur ríkissjóðs um 4,3 milljarða króna og staðan við Seðlabanka Íslands rýrnar um 4 milljarða í stað 1,3 milljarða eins og áætlað var í fjárlögum og seinni fjárukalögum.

M.kr.	Fjárlög ¹ 2003	Áætlun 2003	Breyting frá fjárlögum
Tekjur samtals	274,2	280,6	6,4
Gjöld samtals	264,8	276,1	11,3
Tekjujöfnuður	9,4	4,5	-4,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-15,9	-16,3	-0,4
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-4,2	-7,3	-3,1
Handbært fé frá rekstri	-10,7	-19,1	-8,4
<i>Fjármunahreyfingar</i>			
Veitt stutt lán	11,7	9,6	-2,1
Veitt löng lán	-5,9	-5,4	0,5
Afborganir veittra lána	8,9	11,7	2,8
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1,1	-1,1	0,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	16,9	16,7	-0,2
Fjármunahreyfingar samtals	30,5	31,5	1,0
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	19,8	12,4	-7,4
<i>Fjármögnun</i>			
Tekin stutt lán	0,0	0,0	0,0
Tekin löng lán	17,5	21,8	4,3
Afborganir lána	-31,1	-30,7	0,4
Fjármögnun samtals	-13,6	-8,9	4,7
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-7,5	-7,5	0,0
Breyting á handbæru fé	-1,3	-4,0	-2,7

1) Fjárlög að viðbættum fyrri fjárukalögum, nr. 58/2003.

Endurskoðuð áætlun um tekjur ársins 2003.

Áætlun um tekjur ríkissjóðs fyrir árið 2003 hefur verið endurskoðuð og hefur einkum verið stuðst við innheimtuþróun fyrstu 10-11 mánuði yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs hækki um rúma 3,3 milljarða króna frá fjárlögum 2003 og fyrri fjárukalögum ársins. Tekjur ríkissjóðs af sköttum á hagnað og tekjur aukast um 500 milljónir króna og jafnframt er áætlað að tekjur af eignarsköttum hækki um 450 milljónir króna. Tekjur ríkissjóðs af sköttum á vörum og þjónustu eru taldar hækka um rúma 2,2 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur hækki um 150 milljónir króna.

Endurskoðuð áætlun um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga lækkar um 2 milljarða króna vegna minni innheimtu tekna það sem af er árinu. Ástæðuna má rekja meðal annars til aukins atvinnuleysis og aukins séreignasparnaðar sem er skattfrjáls. Aftur á móti hækka áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila um 2,5 milljarða króna þar sem álagning ríkisskattstjóra í byrjun nóvember reyndist umtalsvert hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Einnig hækka áætlaðar tekjur af eignaskatti lögaðila um 250 milljónir í kjölfar álagningar-

innar. Áætlaðar tekjur af stimpilgjöldum hækka um 200 milljónir króna vegna aukinnar innheimtu það sem af er árinu.

Auknar tekjur af sköttum á vörum og þjónustu má aðallega rekja til aukinna tekna af virðisaukaskatti um 2 milljarða króna vegna aukinnar innheimtu það sem af er árinu. Einnig hækka áætlaðar tekjur af vörugjöldum ökutækja um 250 milljónir króna. Þessa hækkun má rekja til aukins innflutnings ökutækja það sem af er árinu. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs fyrir árið 2003 eru því 280,6 milljarðar króna.

Endurskoðuð áætlun um útgjöld árið 2003.

Samkvæmt seinni fjárukalögum fyrir árið 2003 aukast útgjaldaheimildir ríkissjóðs um tæplega 12,6 milljarða króna. Þar af eru rúmfr 5 milljarðar hjá heilbrigðis- og trygginga-málaráðuneyti, um 2,3 milljarðar hjá félagsmálaráðuneyti, 1,8 milljarður hjá fjármálaráðuneyti, 1,2 milljarðar hjá menntamálaráðuneyti og rúmar 800 m.kr. hjá umhverfisráðuneyti.

Sé litið á útgjöld eftir hagrænni skiptingu þá aukast rekstrargjöld ríkisins, það er laun og önnur rekstrargjöld, um tæplega 4,5 milljarða króna. Þar af munar mest um aukin framlög til Landspítala - Háskólasjúkrahúss, eða 1.665 m.kr., vegna rekstrarhalla á árinu og frá fyrra ári. Þá eru um 600 m.kr. vegna rekstrarhalla ýmissa sjúkrahúsa, þar af 140 m.kr. til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Framlög til framhaldsskóla hækka um 430 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla skólanna. Launa- og verðlagsliður fjármálaráðuneytis hækkar um 232,5 m.kr., þar af eru 310 m.kr. vegna úrskurðar Kjaranefndar frá árinu 2002 um greiðslur til heilsugæslulækna og 100 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun embættismanna en á móti kemur 247,5 m.kr. lækkun vegna endurmats á gengisforsendum fjárlaga. Framlög til háskóla eru aukin um 300 m.kr. vegna fjölgunar nemenda og til að styrkja rekstrargrunn þeirra. Loks má nefna 270 m.kr. hækkun á greiddum fjármagntekjuskatti ríkissjóðs vegna áætlana um meiri eignasölu á árinu.

Tekjutilfærslur hækka um 6,2 milljarða króna og munar þar mest um 1.500 m.kr. hækkun útgjalda Lífeyrstrygginga vegna dóms Hæstaréttar um greiðslur til öryrkja. Þá hækka framlög til atvinnuleysisbóta um tæplega 1.200 m.kr. vegna aukins atvinnuleysis og meiri kostnaðar við atvinnuleysi en áður var spáð. Vaxtabætur verða 600 m.kr. umfram áætlun og sjúkratryggingar rúmum 530 m.kr. aðallega vegna aukins kostnaðar við hjálpartæki og lyf. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru aukin um 400 m.kr. sem er tíma-bundin fjárveiting til að koma á móts við tekjulág sveitarfélög á landsbyggðinni. Sérstakar greiðslur í landbúnaði aukast um 325 m.kr. og munar þar mestu um 170 m.kr. til úreldingar sláturhúsa og 140 m.kr. til að bæta kjör sauðfjárþænda. Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa verða 300 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og veitt er 300 m.kr. framlag til þróunaraðstoðar í Írak. Þá er rúmlega 280 m.kr. fjárveiting til Vegagerðarinnar vegna styrkja til ferja og sérleyfis-hafa í samræmi við samgönguáætlun. Loks má nefna 265 m.kr. vegna endurskoðunar á útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs.

Viðhald eykst um tæplega 820 m.kr., þar af er viðhald Vegagerðarinnar aukið um rúmlega 420 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Fjárfesting hækkar um tæplega 1.500 m.kr., þar af eru rúmlega 550 til Ofanflóðasjóðs vegna aukinna verkefna á árinu og 525 m.kr. vegna heilbrigðisstofnana. Stofnkostnaður Vegagerðarinnar lækkar um rúmlega 340 m.kr. og eru þar bæði tillögur til hækkunar og lækkunar þar sem fjárveitingar til stofnkostaðar eru færðar yfir á rekstrarverkefni og viðhald í samræmi við samgönguáætlun. Loks hækkar stofnkostnaður um 450 m.kr. vegna heimildarákvæða fjárlaga. Er þar um að ræða kaup ríkissjóðs á nokkrum eignum Sementsverksmiðjunnar h.f.

Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka í fjárukalögum um 430 m.kr. frá áætlun fjárlaga.

Nánari skýringar um einstakar tillögur er að finna í greinargerð með frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2003 og í köflunum hér á eftir um breytingar Alþingis við 2. og 3. umræðu frumvarpsins.

Breytingar á fjármálum ríkisaðila í A-hluta (sundurliðun 2)

00 Æðsta stjórn ríkisins

Fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins hækkar um 14,5 m.kr.

201 Alþingi.

2. umræða

1.06 Almennur rekstur. Veitt er til 4,5 m.kr. fjárveiting til að bæta aðstöðu fatlaðra alþingismanna á Alþingi.

1.10 Rekstur fasteigna. Veitt er 5 m.kr. fjárveiting vegna breytinga á fundaaðstöðu þingflokka og skrifstofum þingmanna og aukins húsaleigukostnaðar. Um er að ræða kostnað við flutning á fundaaðstöðu Samfylkingar í fræðslustofu í Skálanum, gerð nýrrar fræðslustofu í Alþingishúsi, auknu leiguhúsnæði í Austurstræti 12 og fjölgun skrifstofuherbergja þar.

Jafnframt er veitt 5 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við flutning á starfsaðstöðu fréttamanna á Alþingi, þ.e. flutning á búnaði fyrir hljóð- og myndflutning úr risi Alþingishúss yfir í nýja aðstöðu í Skálanum. Samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er kostnaður við verkið 5 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

Fjárheimild forsætisráðuneytis hækkar um 8 m.kr.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

3. umræða:

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Veitt er 8 m.kr. fjárveiting til að jafna út halla fyrri ára hjá fasteignum forsætisráðuneytisins. Umsvif hafa aukist og fasteignum í umsjá byggingadeildarinnar fjölgað. Þar má nefna Gljúfrastein og Hótel Valhöll. Halli hefur verið á rekstrarviðfangi liðarins sem mun leiða til skerðingar á viðhaldsfé verði ekkert aðhafst. Nauðsynlegt er talið að koma rekstrinum í jafnvægi og tryggja að viðhaldsfé nýtist til brýnna viðhaldsverkefna.

02 Menntamálaráðuneyti

Fjárheimild menntamálaráðuneytis hækkar um 157,9 m.kr.

211 Tækniháskóli Íslands.

2. umræða:

1.01 Tækniháskóli Íslands. Veitt er 35 m.kr. aukafjárveiting vegna samnings sem Tækniháskóli Íslands gerði um mitt yfirstandandi ár um leigu og innréttingu á 1.118 m² húsnæði á 2. hæð að Höfðabakka 9. Húsnæðið kom í stað 1.586 m² óinnréttaðs rýmis í kjallara sama húss sem skólinn hafði tekið á leigu til ársins 2014 og áætlað var að kostaði 125 m.kr. að innrétta.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

2. umræða:

1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Miðstöðin fær 5 m.kr. til að greiða upp rekstrarhalla.

919 Söfn, ýmis framlög.

3. umræða:

1.90 Söfn, ýmis framlög. Veitt er 3 m.kr. framlag til Byggðasafnsins á Garðskaga.
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Veitt er 4,8 m.kr. framlag til uppbyggingar Tækni-
minjasafns Austurlands.

973 Þjóðleikhús.

2. umræða:

1.01 Þjóðleikhús. Veitt er 20 m.kr. framlag til að koma til móts við kostnaðarauka sem kom fram árin 2001 og 2002 vegna útfærslu stjórndenda leikhússins á kjarasamningum.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

3. umræða:

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag hækkar um 56,1 m.kr. til að fjármagna lífeyrisuppbætur til fyrrverandi starfsmanna hljómsveitarinnar sem taka lífeyri samkvæmt eftirmannsreglunni úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Framlagið tekur mið af hlut ríkissjóðs í rekstri hljómsveitarinnar og nemur 56% af útgjöldum hljómsveitarinnar vegna þessa kostnaðarliðar á árununum 1999–2002. Stefnt er að samkomulagi milli rekstraraðila og hljómsveitarinnar um uppgjör á skuld hennar við sjóðinn og er þetta liður í því.

989 Ýmis íþróttamál.

3. umræða:

1.24 Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004. Veitt er 15 m.kr. framlag til uppbyggingar fyrir Landsmót UMFÍ 2004.

1.31 Íþróttasvæði á Torfunesi, Ísafirði. Veitt er 15 m.kr. framlag til uppbyggingar á íþróttasvæðinu á Torfunesi.

999 Ýmislegt.

3. umræða:

1.90 Ýmis framlög. Veitt er 4 m.kr. lokaframlag til Lagnakerfamiðstöðvar Íslands sem komi til viðbótar 4 m.kr. framlagi samkvæmt sundurliðun óskiptrar fjárheimildar á þessu viðfangsefni í fjárlögum ársins 2003. Stöðin er samstarfsvettvangur þeirra sem vinna við rannsóknir og fræðslu í lagnaiðnaði. Markmiðið með starfseminni er að stuðla að rannsóknum, þróun, stöðlun og tækninýjungum auk þess að samhæfa rannsóknir á lagnakerfum í landinu.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Fjárheimild landbúnaðarráðuneytis hækkar um 226,5 m.kr.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

2. umræða:

1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Stofnunin fær 15 m.kr. til þróunarátaks í líftækni. Ráðgert er að féð verði endurgreitt við sölu á hlut stofnunarinnar í Orf Líftækni hf.

221 Veiðimálastofnun.

2. umræða:

1.01 Veiðimálastofnun. Veitt er 2,5 m.kr. framlag til Norðurlandsdeildar stofnunarinnar á Hólum.

233 Yfirdýralæknir.

2. umræða:

1.01 Yfirdýralæknir. Veitt er 2 m.kr. aukafjárveiting vegna embættis eftirlitsdýralæknis í Svalbarðs- og Þórshafnarhreppi.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. umræða:

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólinn fær 15 m.kr. framlag vegna uppsafnaðs kostnaðar við uppbyggingu nýrra námsbrauta.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

2. umræða:

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Veitt er 15 m.kr. framlag vegna aukinna umsvifa í skólanum, einkum í fiskeldiseild.

311 Landgræðsla ríkisins.

2. umræða:

1.90 Fyrirhleðslur. Veitt er 22 m.kr. aukafjárveiting til fyrirhleðslna en óvenjumiklir vatnavextir voru í öllum ám í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslum og Múlasýslum haustið 2002 og brýnt að grípa til aðgerða. 2 m.kr. af upphæðinni eru ætlaðar til að styrkja flóðvarnargarða við Jökulsá á Fjöllum, Bakkahlaup, til að tryggja að vatn renni ekki á milli Jökulsár og Skjálftavatns.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

2. umræða:

1.16 Styrkur til sauðfjárþænda. Veitt er 140 m.kr. framlag á þennan lið sem varið er til að bæta erfiða afkomu í sauðfjárþænda og styðja við sauðfjárþænda sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna versnandi stöðu búgreinarinnar í kjölfar verðlækkana á kjötmarkaði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir fjárheimildinni í framhaldi af umfjöllun um tillögur nefndar um vanda sauðfjárþænda. Samþykkt ríkisstjórnarinnar um málið gerir ráð fyrir að þessi sérstaki stuðningur við þænda miðist að hálfu við beingreiðslurétt sauðfjárþænda í ár og að hálfu við framleitt magn dilkakjöts á lögbýlum.

1.91 Loðdýrafóður. Niðurgreiðslur á loðdýrafóðri hækka um 15 m.kr. Fóðrið er stærsti kostnaðarliðurinn í loðdýrarækt. Fóðurverð hefur hækkað mikið á síðustu árum og er nú mun herra hér en hjá samkeppnisþjóðum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis hækkar um 45,4 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

3. umræða:

1.90 Ýmislegt. Veitt er 14 m.kr. hækkan á safnlið til ýmissa verkefna.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

2. umræða:

1.01 Almenn starfsemi. Veitt er 31,4 m.kr. aukafjárveiting vegna uppsafnaðs halla á rekstri stofnunarinnar miðað við árslok 2003. Til stendur að hætta rekstri þjónusturannsóknna í starfsstöðvum standi gjaldskrártekjur ekki undir kostnaði við reksturinn.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis hækkar um 25,6 m.kr.

210 Héraðsdómstólar.

2. umræða:

1.01 Héraðsdómstólar og 6.01 Tæki og búnaður. Við 3. umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1999 var samþykkt tillaga fjárlaganefndar um 12 m.kr. stofnkostnaðarframlag á viðfangsefninu *6.10 Tæki og búnaður* vegna tölvubúnaðar héraðsdómstóla og upplýsingakerfis. Fjárheimildin hefur verið í fjárlögum frá þeim tíma en tækjakaup og önnur eignakaup héraðsdómstóla hafa verið verulega lægri og hefur því safnast upp umtalsverður afgangur af stofnkostnaðarheimildum. Millifærðar eru 55 m.kr. af uppsöfnuðum fjárheimildum af stofnkostnaðarviðfangsefninu á rekstrarviðfangsefni héraðsdómstóla. Fjárheimildinni er ætlað að mæta að mestu uppsöfnuðum rekstrarhalla dómstólanna undanfarin ár. Gerð er tillaga um samsvarandi millifærslu fjárheimilda við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

303 Ríkislögreglustjóri.

2. umræða:

1.01 Ríkislögreglustjóri. Veitt er 15 m.kr. framlag til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild embættisins. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt vegna umfangsmikilla sakamála sem mikilvægt er að ekki dragist á langinn að rannsaka. Gerð er tillaga um sambærilega tímabundna hækkun fjárveitingar til embættisins í tvö ár við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004.

Að auki er veitt 8,6 m.kr. aukaframlag vegna uppsafnaðs fjárhagsvanda við innheimtu sekta. Verkefnið hefur nú verið fært til sýslumannsembættisins á Hvolsvelli en hér er um að ræða stöðu í árslok 2002 á viðfangsefni hjá embætti ríkislögreglustjóra sem fellt hefur verið niður í fjárlögum 2003. Á viðfangsefnið var einungis færður kostnaður vegna prentunar og póstburðargjalda en ekki laun vegna vinnu. Tekjur af sektum renna í ríkissjóð. Framlagið er veitt til að mæta að fullu uppsöfnuðum halla viðfangsefnisins í árslok 2002 svo ekki þurfi að skerða almennan rekstur stofnunarinnar vegna þessa.

701 Þjóðkirkjan.

2. umræða

6.28 Þingeyrarklausturskirkja. Veitt er 2 m.kr. framlag til byggingar aðstöðu við Þingeyrarklausturskirkju.

07 Félagsmálaráðuneyti

Fjárheimild félagsmálaráðuneytis hækkar um 826 m.kr.

313 Jafnréttisstofa.

2. umræða

1.01 Jafnréttisstofa. Veitt er 7 m.kr. viðbótarfjárheimild til Jafnréttisstofu til að mæta ófyrirséðum útgjöldum vegna starfsloka framkvæmdastjóra og útgjöldum vegna dómsmáls.

400 Barnaverndarstofa.

2. umræða

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga og 6.21 Viðbygging. Millifærð er 60 m.kr. fjárheimild vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við Stuðla, meðferðarheimili fyrir unglinga. Um mitt ár 2002 náðist samkomulag við rekstraraðila Skjöldólfsstaða í Jökuldal um að hætta starfsemi meðferðarheimilis þar sem nýta mætti fjármuni betur með viðbyggingu við Stuðla.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

3. umræða:

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Veitt er 400 m.kr. fjárveiting til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við vanda tekjulægri sveitarfélaga á landsbyggðinni. Fénu verður úthlutað eftir nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

2. umræða:

1.11 Atvinnuleysisbætur. Veitt er 60 m.kr. fjárveiting til viðbótar við þær 1.100 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu vegna endurmats á kostnaði við hvert atvinnuleysisstig.

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Veitt er 75 m.kr. viðbótarfjárveiting til átaksverkefna fyrir ungt fólk á atvinnuleysisskrá. Þeir fjármunir sem ætlaðir voru til átaksverkefna fyrir atvinnulausa árið 2003 eru uppunir vegna mun meira at-

vinnuleysis en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að ósk félagsmálaráðherra hófu Vinnu-
málastofnun og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í mars sérstakt átak í vinnumark-
aðsúrræðum fyrir ungt fólk á atvinnuleysissskrá og ráðstöfuðu til þess verkefnis 75
m.kr.

3. umræða:

1.41 Framlög og styrkir. Veitt er 15 m.kr. framlag til að framlengja starfsmenntunar-
áttak fólks á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar kjarasamninga á árinu 2000 gerðu aðil-
ar vinnumarkaðarins og félagsmálaráðherra með sér samkomulag um 200 m.kr. fram-
lag úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að efla starfsmenntun starfsfólks á almennum
vinnumarkaði á gildistíma kjarasamninganna. Átakinu á að ljúka í haust en vegna
góðrar reynslu og mikillar þátttöku er lagt til að það verði framlengt.

989 Fæðingarorlof.

2. umræða

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Veitt er 280 m.kr. fjárveiting til sjóðsins þar sem endur-
skoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur til þeirra sem fá greitt úr sjóðnum
eru meiri en áætlað var.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Framlag lækkar um 15 m.kr. vegna foreldra utan
vinnumarkaðar en endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós að meðaltalsgreiðslur eru lægri
og færri fá greitt úr sjóðnum en áætlað var.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

2. umræða

1.31 Félagasamtök, styrkir. Veitt er 4 m.kr. fjárveiting til reksturs sumardvalar fyrir
fötluð börn á vegum Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla sem félagið hefur
séð um sl. 30 ár.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkar um 2.720,8 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

2. umræða:

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Stofnunin fær 12 m.kr. framlag til að mæta kostnaði
við að endurreikna bætur í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. október 2003.

204 Lífeyristryggingar.

2. umræða:

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Veitt er 1.500 m.kr. fjárveiting til að mæta útgjöldum lífeyristrygginga vegna kostnaðar við endurákvörðun tekjutryggingar auk dráttarvaxta í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 16. október 2003. Tryggingastofnun vinnur að útreikningi á útgjaldaáhrifum dómsins og er því um áætuð útgjöld að ræða.

206 Sjúkratryggingar.

2. umræða:

1.15 Lyf. Veitt er 177 m.kr. framlag til að mæta auknum útgjöldum vegna lyfja. Í samræmi við endurskoðaða áætlun á lyfjaútgjöldum á árinu 2003 í lok október stefna þau í rúmlega 5,9 milljarða króna á árinu eða tæpar 340 m.kr. umfram fjárheimildir fjárlaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 m.kr. viðbótarframlagi en í ljósi mjög aukinna útgjalda í september og október í ár, sem hafa hækkað um rúmlega 22% frá sömu mánuðum í fyrra, er óskað eftir 177 m.kr. Til samanburðar má geta þess að fyrstu átta mánuði þessa árs hækkuðu útgjöldin einungis um 5% miðað við sama tímabil í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun er skýring þessarar aukningar einkum aukin neysla, þ.e. aukið magn, og tilfærsla frá ódýrari lyfjum yfir í dýrari umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

1.21 Hjálpartæki. Útgjöld til hjálpartækja lækka um 50 m.kr. Í 1. umræðu um frumvarpið var óskað eftir 270 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta útgjöldum vegna hjálpartækja í ár. Af þessum 270 m.kr. var gert ráð fyrir að útgjöld vegna bifreiðakaupastyrkja yrðu 190 m.kr. Nú þegar tíu mánuðir eru liðnir af árinu þykir sýnt að þau verða lægri eða um 160 m.kr. Auk þess virðist draga úr aukningu í útgjöldum til annarra hjálpartækja en bifreiða miðað við reynslu síðustu ára.

1.55 Sjúkradagpeningar. Framlag til sjúkradagpeninga lækkar um 30 m.kr. í samræmi við þróun útgjalda það sem af er ári en á undanförunum árum hefur dregið úr útgjöldum til þessa málaflokks m.a. vegna þess að endurhæfingarlífeyrir, sem er tímabundið úrræði, og sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna hafa að einhverju marki tekið yfir hlutverk sjúkradagpeninga.

305 Lýðheilsustöð.

2. umræða:

1.01 Lýðheilsustöð. Framlag til tóbaksvarna er leiðrétt um samtals 11,8 m.kr. þannig að það verði í samræmi við brúttósölu tóbaks en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu. Leiðréttingin nemur 2,1 m.kr. vegna ársins 2001, 1,3 m.kr. vegna 2002 og 8,4 m.kr. vegna 2003.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

2. umræða:

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Veitt er 40 m.kr. aukafjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til viðbótar 100 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

2. umræða:

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Veitt er 735 m.kr. fjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla Landspítala – háskólasjúkrahúss sem kemur til viðbótar 930 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

379 Sjúkrahús, óskipt.

2. umræða:

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Veitt er 45 m.kr. fjárveiting til að gera upp rekstrarhalla Sjálfsbjargar, hjúkrunar- og endurhæfingarstöðvar, enda verði það til þess að auðvelda gerð þjónustusamnings.

3. umræða:

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Veitt er 50 m.kr. hækkun á liðnum en jafnframt eru millifærðar 45 m.kr. á lið 08-491-1.01 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

3. umræða:

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Veitt er 50 m.kr. framlag vegna flutnings heilsugæslustöðvarinnar í Fannborg 7–9 Kópavogi í Hamraborg 8.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

3. umræða:

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Millifærðar eru 45 m.kr. til Reykjalundar af óskiptum lið, 08-379-1.01 Sjúkrahús, óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.

700 Heilbrigðisstofnanir.

2. umræða:

1.01 Almennur rekstur. Veitt er 150 m.kr. fjárveiting vegna rekstrarvanda heilbrigðisstofnana sem kemur til viðbótar 45 m.kr. fjárveitingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

2. umræða:

1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Veitt er 30 m.kr. aukafjárveiting til greiðslu uppsafnaðs rekstrarhalla St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.

09 Fjármálaráðuneyti

Fjárheimild fjármálaráðuneytis hækkar um 522,5 m.kr.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

2. umræða:

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Fjárveiting vegna heimildarákvæða fjárlaga fyrir árið 2003 er aukin um 450 m.kr. Í fjárlögum er fjárveiting liðarins 190 m.kr. og verða 147 m.kr. af henni nýttar til kaupa á húsnæði á Efri-Brú fyrir starfsemi Byrgisins og afgangurinn til að mæta kostnaði við nokkrar aðrar heimildir. Því til viðbótar þarf að standa straum af útgjöldum vegna kaupa á fasteign, lóð og hlutabréfum í tengslum við sölu á Sementsverksmiðju ríkisins sem samtals nema um 450 m.kr. Þetta eru kaup á eignum sem ekki voru taldar nýttast nýjum eigendum verksmiðjunnar í rekstrarlegum tilgangi. Kveðið er á um það í kaupsamningi að söluandvirðið gangi aðallega til að greiða niður skuldir. Um er að ræða lóð verksmiðjunnar að Sævarhöfða 31 ásamt mannvirkjum, sem metin er á 280 m.kr., hluta af skrifstofuhúsnæði verksmiðjunnar á Akranesi, sem metið er á 72,5 m.kr., hlutabréf í Speli hf., sem metin eru á 40 m.kr., og hlutabréf í húseiningaverksmiðjunni Geca hf., sem metin eru á 46,5 m.kr. Áformað er að selja þessar eignir og er reiknað með að sölutekjur ríkisins verði álíka miklar þegar þeim hefur verið komið í verð.

989 Launa- og verðlagsmál.

2. umræða:

1.90 Launa- og verðlagsmál. Veitt er 310 m.kr. viðbótarfjárheimild á þennan lið sem skýrist að mestu af kostnaði vegna úrskurða kjaranefndar árið 2002 um vottorð og gjaldskrárverk heilsugæslulækna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2003 lágu ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að unnt væri að leggja mat á þessa þætti í úrskurðunum. Í fyrsta lagi er um það að ræða að samkvæmt úrskurðum kjaranefndar telst útgáfa vottorða vera hluti af aðalstarfi lækna og fá heilsugæslustöðvar nú tekjur af gjöldum sem þær innheimta af sjúklingum fyrir vottorðin en þurfa jafnframt að greiða læknum laun samkvæmt gjaldskrá fyrir vottorðin þegar þau eru gefin út utan dagvinnutíma og lækni er ekki á yfirvinnulaunum. Áætlað er að sértekjur stöðvanna hækki vegna þessa um 87 m.kr. en að launagreiðslur aukist um 135 m.kr. Áður innheimtu lækna vanalega

vottorðsgjöldin beint frá sjúklingum þannig að þau færðust ekki í bókhaldi stöðvanna. Í öðru lagi greiða stöðvarnar nú heimilislæknum fyrir tilgreind læknisverk samkvæmt gjaldskrá þegar þau eru unnin utan vanalegs dagvinnutíma og læknir fær ekki greidd yfirvinnulaun. Áður voru slík gjaldskrárverk greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að launagreiðslur heilsugæslustöðvanna aukist um rúmlega 230 m.kr. á ári. Sundurliðun þessara fjárheimilda á viðfangsefni einstakra heilsugæslustöðva er sýnd í sérstöku yfirliti á bls. 48. Að auki er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárheimild vegna nokkurra minni háttar leiðréttinga á forsendum launafjárveitinga gildandi fjárlaga.

3. umræða:

1.90 Launa- og verðlagsmál. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september. Talsverð styrking hefur orðið á gengi krónunnar gagnvart dollar og jeni frá forsendum fjárlaga en það leiðir til lækkunar á útgjöldum fjárlagaliða sem tengjast þessum gjaldmiðlum. Á það einkum við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka. Áætlað meðalgengi evru og annarra evrópumynta á árinu er á hinn bóginn lítið breytt frá forsendum fjárlaga. Í samræmi við endurmat á þessum forsendum er gert ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi fjárlagaliða verði lækkaðar sem nemur alls 247,5 m.kr. Gerð er tillaga um þessar breytingar í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjárlaga í frumvarpinu en sundurliðun á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti á bls. 49.

999 Ýmislegt.

2. umræða:

1.90 Óviss útgjöld. Veitt er 10 m.kr. aukafjárveiting á þennan lið. Í tengslum við samning ríkisins við Skýrr hf. um innleiðingu á nýju Oracle-fjárhagskerfi ríkisins og samning við ANZA hf. um rekstur og þróun rafræns markaðstorgs fyrir stofnanir ríkisins er unnið að því að innkaup ríkisins geti farið fram í gegnum fjárhagskerfið. Fyrirhugað er að fjárheimildin verði nýtt annars vegar til að gera innkaupa- og vörustýringarkerfi fjárhagskerfisins kleift að eiga samskipti við rafræna markaðstorgið og hins vegar til að láta útbúa samræmdan vörulista fyrir um 120 þúsund vörunúmer.

10 Samgönguráðuneyti

Fjárheimild samgönguráðuneytis hækkar um 23,3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

2. umræða:

1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Niður fellur 4 m.kr. fjárveiting af óskiptu fé af lið 10-190-1.12 *Vetrarsamgöngur og vöruflutningar* á móti auknum útgjöldum á lið 10-335-6.74 *Siglingastofnun, lendingabætur* vegna lendingabóta í Drangey.

335 Siglingastofnun Íslands.

2. umræða:

1.01 Yfirstjórn. Veitt er 17,5 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs stofnunarinnar. Stofnunin átti að gera tillögu um 17,5 m.kr. millifærslu frá stofnkostnaði til reksturs í frumvarpi til fjárukalaga vegna flutnings á verkefni um hafnir, líkantilraunir og grunnkort. Vegna mistaka við tillögugerð stofnunarinnar féll sá hluti niður sem fól í sér hækkun á rekstrinum og því kom einungis lækkun á stofnkostnaði fram í frumvarpinu. Þetta er leiðrétt með tillögu þessari.

6.74 Lendingabætur. Veitt er 4 m.kr. framlag til lendingabóta í Drangey. Á móti þessum útgjöldum fellur niður 4 m.kr. fjárveiting af lið 10-190-1.12 *Vetrarsamgöngur og vöruflutningar*.

471 Flugmálastjórn.

2. umræða:

1.01 Flugmálastjórn og 5.41 Flugvellir, viðhald. Millifærð er 99 m.kr. fjárheimild af rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar á viðhaldsviðfangsefni til þess að samræma framsetningu fjárheimilda við heildaruppgjör á framkvæmdum við flugturninn á Reykjavíkflugvelli. Í frumvarpinu er farið fram á að heimild verði veitt til að millifæra 75 m.kr. framlag af rekstri stofnunarinnar í þessum tilgangi. Hér er farið fram á að 99 m.kr. fjárheimild verði millifærð til viðbótar vegna framkvæmda árin 2001 og 2002. Tilgangur tillögunnar er sá að fjárheimildir frá Alþingi verði samræmdar í einu lagi við heildarframkvæmdakostnaðinn, sem nemur samtals 174 m.kr.

481 Rannsóknanefnd flugslysa.

2. umræða:

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa. Veitt er samtals 5,8 m.kr. framlag til nefndarinnar, annars vegar 2,7 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar við störf nefndarinnar síðari hluta ársins 2002 og fyrri hluta ársins 2003 og hins vegar 3,1 m.kr. vegna uppsafnaðs halla sem ekki hefur tekist að eyða þrátt fyrir auknar fjárheimildir með fjárákum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Fjárheimild iðnaðarráðuneytis hækkar um 50 m.kr.

301 Orkustofnun.

3. umræða:

1.01 Yfirstjórn. Veitt er 50 m.kr. framlag til frekari rannsókna á sviði orkumála. Annars vegar er um að ræða 30 m.kr. vegna rammaáætlunar og hins vegar 20 m.kr. til vetnisrannsókna. Framlag til rammaáætlunarinnar er ætlað til að gera upp kostnað vegna 1. áfanga áætlunarinnar sem nú er lokið. Áformað er að Orkustofnun nýti 20 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að koma á fót vettvangi fyrir vistvænt eldsneyti. Markmiðið er að stofnunin afli þekkingar og aðstoði stjórnvöld við stefnumörkun auk þess að hún verði vettvangur fyrir samræmingu á vinnu þeirra ráðuneyta sem málið snertir.

13 Hagstofa Íslands

Fjárheimild Hagstofu Íslands hækkar um 18 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

2. umræða:

1.01 Yfirstjórn. Framlag til Hagstofu Íslands hækkar um 7,5 m.kr. til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Við útfærslu málsins í frumvarpinu láðist að taka tillit til hluta þeirra tekna sem Hagstofan verður af og er lagt til að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði. Sams konar breyting er lögð til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004.

3. umræða:

1.01 Yfirstjórn. Framlag til Hagstofu Íslands hækkar um 10,5 m.kr. til að mæta tekjutapi við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra. Í útfærslu málsins við 2. umræðu

láðist að taka tillit til hluta þeirra tekna sem Hagstofan verður af og er lagt til að úr því verði bætt með framlagi úr ríkissjóði.

14 Umhverfissráðuneyti

Fjárheimild umhverfissráðuneytis lækkar um 92,9 m.kr.

101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa.

2. umræða:

1.01 Yfirstjórn. Veitt er 3 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar sem til fellur vegna formennsku umhverfissráðuneytisins í ár og í fyrra í vísinda- og tækninefnd rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar, en formennskan kallar á viðbótarferðir starfsmanna ráðuneytisins. Málið var á sínum tíma rætt í ríkisstjórn og ákveðið að veita 2 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til að mæta kostnaði á árinu 2002. Áætlaður viðbótaskostnaður á árinu 2003 er um 3 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

2. umræða:

1.40 Alþjóðastofnanir. Veitt er 6 m.kr. fjárveiting vegna hækkana á framlögum til alþjóðastofnana. Þar af eru 3,5 m.kr. vegna tveggja alþjóðasamninga sem taka gildi á árinu, þ.e. Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni og Kyoto-bókunarinnar við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna, 1,5 m.kr. hækkun á framlagi til Montreal-sjóðsins og 1 m.kr. til alþjóðlegrar framkvæmdaáætlunar um mengun sjávar frá landi (GPA).

1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur. Framlag til undirbúnings að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls er hækkað um 1,5 m.kr. svo að unnt sé að vinna tillögur að innri uppbyggingu á svæðinu sem mundu styrkja vernd svæðisins og bæta möguleika heimamanna til nýtingar á því.

287 Úrvinnslusjóður.

2. umræða:

1.01 Almennur rekstur. Fjárveiting til reksturs Úrvinnslusjóðs lækkar um 16,1 m.kr. Ný áætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður ársins verði 45 m.kr.

1.10 Úrvinnslusjóður. Fjárveiting lækkar um 131,7 m.kr. til Úrvinnslusjóðs. Ný áætlun gerir ráð fyrir að í ár verði kostnaður sjóðsins við úrvinnslu 320 m.kr.

403 Náttúrustofur.

2. umræða:

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki. Veitt er 2,5 m.kr. framlag vegna rannsóknaverkefna sem unnin voru á árinu.

410 Veðurstofa Íslands.

2. umræða:

1.01 Almenn starfsemi. Veitt er 34,4 m.kr. fjárveiting til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla Veðurstofunnar í árslok 2001 sem ekki hefur náðst að vinna á. Stofnunin hefur gripið til aðgerða til að styrkja fjármálastjórn sína.

Einnig er veitt 7,5 m.kr. fjárveiting til biðlaunagreiðslna og orlofsuppgjörs í tengslum við skipulagsbreytingarnar í framhaldi af stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að starf eins yfirmanns verði lagt niður og að tilfærslur verði í störfum annarra yfirmanna stofnunarinnar.